

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014,  
frístundabyggð - Viðivöllum ytri I.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 frá 20. apríl 2004.

Breytingin felst í stækkun frístundabyggðarsvæðis úr 15 ha í um 20 ha og fjölgun lóða á svæðinu úr 13 í 15. Um er að ræða texta- og töflubreytingu í kafla 3.5 í greinargerð aðalskipulagsins sem sett er fram á A4 blaði sem sýnir viðkomandi texta í kaflanum fyrir og eftir breytingu. Engar breytingar eru gerðar á aðalskipulagsupprætti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2010.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*